



Vefhandbókin

HANDBÓK UM OPINBERA VEFI



ut.is



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Vefhandbókin

Forsætisráðuneytið hefur birt á vefnum ut.is handbók um opinbera vefi. Vefhandbókin er leiðarvísir um uppsetningu og viðhald vefja fyrir opinberar stofnanir og sveitarfélög en að sjálfsögðu getur hún einnig nýst einkafyrirtækjum. Útgáfa handbókarinnar er liður í að auka fræðslu til þeirra sem fást við upplýsingatækni hjá opinberum aðilum og stuðla að framþróun opinberra vefja í takt við nýja tækni og auknar kröfur notenda.

Verkefnið er samstarfsverkefni forsætisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Netríkið Ísland

Vefhandbókin er liður í innleiðingu stefnu stjórnvalda um upplýsingasamfélagið fyrir 2008–2012. Í stefnunni um „Netríkið Ísland“ segir meðal annars um þau verkefni sem á að framkvæma:

- Vefir ráðuneyta verði til fyrirmyndar varðandi innihald, nytsemi, aðgengi og þjónustu.
- Opinberir vefir fullnægi skilyrðum um aðgengi fatlaðra.
- Sett verði viðmið um ritun texta á vefjum opinberra aðila og aukinn hlutur þýðinga á erlend mál.

Mörg sjónarhorn – veldu þína leið

Á vefnum eru þrjár inngönguleiðir inn í handbókina:

• Efnisyfirlit

Efnisyfirlit handbókarinnar leiðir notendur í gegnum vefþróunarferlið. Fyrsti kafli fjallar um val á kerfum og samstarfsaðilum, annar kafli um þróun og hönnun, þriðji kafli um notagildi og viðhald og fjórði kafli um ritstjórn og innihald.

• Markhópar

Margir einstaklingar koma að vefþróunarferlinu og hægt er að kalla fram yfirlit úr handbókinni sérstaklega ætlað stjórnendum, verkefnisstjórum, vefstjórum og höfundum efnis.

• Gæðamál

Þriðja og síðasta leiðin er hentug fyrir þá sem stefna að úrbótavinnu í tengslum við gæðakönnun forsætisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga „Hvað er spunníð í opinbera vefi“. Þar er efni flokkað í samræmi við efnisflokka gæðakönnunarinnar og fjallað sérstaklega um innihald, nytsemi, aðgengi og þjónustu vefjanna.



Athygli er vakin á því að allar greinar sem tengjast gæðakönnuninni eru merktar með þessari táknmynd til að auðvelda notendum að uppfylla þær kröfur sem könnunin gerir.

Ábendingar

Verkefnið er þróunarverkefni og stefnt er að því að vefhandbókin verði uppfærð í takti við nýjar áherslur í vefþróun og í kjölfar áhugaverðra tækniþrífara. Þannig verður leitast við að handbókin endurspeglir helstu strauma og stefnur í vefmálum fyrir opinbera aðila á Íslandi. Allar ábendingar um verkefnið eru vel þegnar, annað hvort á umræðubrunni verkefnisins eða með því að nota ábendinga- og fyrirspurnarform á vefnum.

UT vefurinn – ut.is

UT vefurinn er vefur um upplýsingatækni. Þar er að finna fjölbreytilegt fræðsluefni sem varðar upplýsingatækni á vegum hins opinbera.

Sýnishorn

Í vefhandbókinni eru samtals 90 greinar sem fjalla á einn eða annan hátt um málefni vefja og vefþróunar. Eftirfarandi er sýnishorn af grein um málefni 3G-síma og lófatölva sem finna má í sérstökum kafla um tækniþrífari.

3G-símar og lófatölvur

Með tilkomu 3G-símakerfisins hafa gagnaflutningar GSM-síma aukist, nú þykir sjálfsagt mál að tengjast netinu í gegnum 3G-síma. Opinber þjónusta þarf að taka mið af þessari tækniþróun og aðlaga rafræna þjónustu sína.

Kostnaður notenda vegna gagnaflutninga í gegnum 3G-símakerfið er umtalsverður og því þarf að lágmarka þá gagnanotkun sem þjónustan hefur í för með sér. Skjáir á lófatölvum og farsímum eru einnig litlir og þarf hönnun að taka mið af því.

Tvær megináðferðir eru notaðar í hönnun sérstakra vefsíðana fyrir GSM-sím

1. Nota sérstakt stílsnið (CSS) fyrir farsímaútgáfu vefsins sem stýrir því hvaða útlit birtist farsímanotendum og aðlaga leiðarkerfið að þörfum farsímanna.
2. Hanna frá grunni annan vef fyrir farsíma með einfaldleika að leiðarljósi og myndnotkun í lágmarki.

Notkun staðla

Markviss notkun staðla er mikilvæg í þessu samhengi því símar sýna minni þolinmæði gagnvart villum í kóða en hefðbundnir tölvuvafrar. Í þróun er sérstakur staðall XHTML Basic, sem má nota fyrir lófatölvur og 3G-síma sem styðja ekki alfarið XHTML staðalinn.

Það er gott að óska eftir tilboði í hönnun fyrir sérstaka farsímaútgáfu í útboðsgögnum og verðfyrirspurnum snemma í vefþróunarferlinu.